



Félagsmálaráðuneytið  
b.t. skrifstofu húsnæðis- og lífeyrismála  
[frn@frn.is](mailto:frn@frn.is)

**Sent á Samráðsgátt**

Reykjavík, 13. ágúst 2019

## **Efni: Frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun**

Samtök iðnaðarins (SI) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem birt var á Samráðsgátt stjórnarráðsins þann 15. júlí 2019. Með frumvarpinu er lagt til að sameina Íbúðalánasjóð og Mannvirkjastofnun í nýja Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Markmiðið er að efla stjórnábyrgð, stefnumótun og framkvæmd húsnæðis- og mannvirkjamála, hagræða í rekstri hins opinbera og auka samstarf við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Byggingariðnaður og mannvirkjagerð er mikilvæg atvinnugrein á Íslandi og nam vægi byggingariðnaðar 7,7% af vergri landsframleiðslu árið 2017. SI hafa talað fyrir aukinni samhæfingu og skýrari ábyrgð á húsnæðis- og mannvirkjamálum og lagt áherslu á að málaflökknum sé fundinn betri farvegur innan stjórnábyrgðar og settur í forgang. Af þeirri ástæðu styðja SI þær aðgerðir stjórnvalda sem eru til þess fallnar að styrkja stjórnábyrgð ríkisins á sviði húsnæðis- og mannvirkjamála og auka yfirsýn yfir málaflökkinn. Þess ber þó að geta að SI telja rétt að ganga lengra en hér er gert til að auka enn frekar skilvirkni og yfirsýn í málaflökknum. Í því samhengi ber að nefna að skipulagsmál, sem eru nátengd húsnæðis- og mannvirkjamálum, eru á hendi sveitarstjórnarráðuneytisins og skipulagsstofnunar en húsnæðis- og mannvirkjamál félagsmálaráðuneytinu. Er rétt að skipulagsmál séu innan sama ráðuneytis og mannvirkjamál og úr verði öflugt innviðaráðuneyti.

Samtökin áréttu mikilvægi þess að umrædd sameining veiki ekki eftirlit í mannvirkjagerð heldur sé þvert á móti tryggt að eftirlit verði skilvirkt og samræmt um allt land. Þarf af þeirri ástæðu að efla samræmingarhlutverk stofnunarinnar og tryggja enn frekar að byggingarfulltrúaembætti innan sveitarfélaganna framkvæmi eftirlit með samræmdum hætti. Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að nota rafræna mannvirkjagátt sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun starfrækir. Í athugasemdum við ákvæðið er þessi skylda sveitarfélaganna áréttuð. Þess er þó að geta að hvergi er tilgreint hvenær umrædd skylda verður virk og ennfremur hvaða afleiðingar eða úrræði Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur ef sveitarfélögin nota ekki gáttina í samræmi við lagaskyldu. Mikilvægt er að tryggja að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi einhver úrræði til að knýja á um notkun gáttarinnar. Ennfremur ber að tryggja að notkun gáttarinnar sé skýr og markviss þar sem komið sé í veg fyrir tvíverknað við eftirlit með mannvirkjagerð. Má í því samhengi benda á eftirlit byggingarstjóra með áfangaúttektum þar sem byggingarstjóri þarf bæði að færa eftirlitsskýrslur í mannvirkjagáttina sem og í lögbundið gæðakerfi byggingarstjóra.



SI vilja jafnframt benda á að við sameiningu umræddra stofnana þarf að tryggja að stjórnkerfi innan stofnunarinnar sé einfalt og aðgengilegt. Óskýrleiki er til þess fallinn að auka kostnað, hjá almenningi, fyrirtækjum og stofnuninni sjálfri. Þer í því samhengi að nefna að ákvarðanir umræddrar stofnunar eru kærarlegar til hið minnsta tveggja úrskurðarnefnda, þ.e. úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og úrskurðarnefndar velferðarmála, og svo eftir atvikum til ráðuneytisins. Vafi um kæruleiðir og réttan farveg stjórnsýslumála er óheppilegur og því þarf að leita leiða til að tryggja skýrleika að þessu leyti. Að mati SI ætti að skoða hvort setja eigi á fót nýja kærunefnd húsnæðis- og mannvirkjamála til að tryggja skilvirkni og skjóta afgreiðslu kærumála á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads 'Björg Á. Þórðardóttir'.

Björg Ásta Þórðardóttir,  
lögfræðingur SI